

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 427/1994.

Bjarni Kr. Grímsson

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Ólafsfjarðarbæ

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Ráðningarsamningur. Opinberir starfsmenn. Uppsögn. Skaðabætur. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1994. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 8.360.921 krónu með dráttarvöxtum frá 7. nóvember 1992 til greiðsludags að frá dregnum nánar tilgreindum greiðslum stefnda og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hóf störf sem bæjarstjóri stefnda 1. júlí 1988. Gerðu aðilar með sér samning um störf hans, sem staðfestur var í bæjarráði 27. apríl 1989. Í 2. gr. samningsins segir, að ráðningartími sé yfirstandandi kjörtímabil bæjarstjórnar, en samningurinn sé þó uppségjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig segir í þessari grein samningsins, að bæjarstjóri skuli halda fullum launum í þrjá mánuði, eftir að hann lætur af störfum. Í upphafi næsta kjörtímabils, í júní 1990, samþykkti bæjarstjórn að ráða stefnda í stöðu bæjarstjóra, en nýr skriflegur samningur var ekki gerður. Áfrýjandi gegndi áfram starfi sínu hjá stefnda, þar til honum var sagt upp. Hann hafði þó áður leitað eftir, að breytt yrði ákvæði samningsins um uppsagnarfrest, að hann yrði sex mánuðir, og að biðlaun yrðu greidd í sex mánuði, en það var ekki samþykkt.

Þar sem ekki var gerður nýr samningur við áfrýjanda, þegar hann var ráðinn bæjarstjóri á nýjan leik í júní 1990, verður að líta svo á, að fyrri samningur hafi gilt áfram milli aðila, enda hefur áfrýjandi

ekki sýnt fram á, að þá eða síðar hafi verið frá samningnum vikið um kjör hans. Í samræmi við ákvæði samningsins var stefnda heimilt, eins og áður sagði, að segja áfrýjanda upp með þriggja mánaða fyrirvara, en fá skyldi áfrýjandi þriggja mánaða biðlaun að uppsagnarfresti loknum. Ágreiningslaust er, að stefndi stóð áfrýjanda skil á launum þessa sex mánuði. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bjarni Kr. Grímsson, greiði stefnda, Ólafsfjarðarbæ, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní sl., hefur Bjarni Grímsson, kt. 170755-2279, Dalhúsum 78, Reykjavík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 10. nóvember 1993, á hendur Ólafsfjarðarbæ, kt. 490269-2079, Ólafsvegi 4, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

A. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu vangreiddra launa og biðlauna vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, samtals að fjárhæð 8.360.921 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 7. nóvember 1992 til greiðsludags að frá dregnum greiðslum, er stefndi innti af hendi til stefnanda, að fjárhæð 344.700 kr. 1. desember 1992, 290.801 kr. 5. janúar 1993, 292.501 kr. 1. febrúar 1993, 279.873 kr. 1. mars 1993, 279.873 kr. 1. apríl 1993 og 279.873 kr. 3. maí 1993. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. nóvember 1993, en síðan árlega þann dag.

B. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. málskostnaðarreikningi auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af kröfu stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að stefnandi hafi fyrst verið ráðinn bæjarstjóri í Ólafsfirði frá og með 1. júlí 1988 að undirlagi þáverandi meiri hluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Þá hafi enn verið tæp tvö

ár í næstu sveitarstjórnarkosningar, er fram hafi farið í maí 1990. Í öllum kosningaáróðri sjálfstæðismanna í Ólafsfirði fyrir bæjarstjórnarkosningar 1990 hafi stefnanda verið hampað sem dugmiklum heimamanni, er skilað hefði starfi sínu vel fyrir Ólafsfjarðarbæ og nyti álits jafnt innan bæjarins sem utan og yrði því áfram bæjarstjóri í Ólafsfirði, fengi Sjálfstæðisflokkurinn meiri hluta. Úrslit kosninganna 1990 hafi orðið þau, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði haldið meiri hluta sínum í bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Á 666. fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar þriðjudaginn 12. júní 1990 hafi Þorsteinn Ásgeirsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í bæjarstjórn, borið upp þá tillögu D-listans, að Bjarni Kr. Grímsson, stefnandi í máli þessu, yrði ráðinn bæjarstjóri. Hafi tillaga þessi hlotið atkvæði fjögurra sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ólafsfjarðar, þeirra Óskars Þórs Sigurbjörnssonar, sem þá hafi verið nýkjörinn forseti bæjarstjórnar, Kristínar Trampe, Sigurðar Björnssonar og Þorsteins Ásgeirssonar. Rúmu ári eftir, að frambjóðendur sjálfstæðismanna til bæjarstjórnar í Ólafsfirði höfðu lofað stefnanda og öll verk hans í þágu bæjarins, hefði verið komið annað hljóð í strokkinn. Hefði það einkum stafað af því, að bæjarstjórinn hefði látið hagsmuni bæjarins sitja ofar einkahagsmunum einstakra bæjarstjórnarfulltrúa sjálfstæðismanna, einkum Sigurðar Björnssonar. Sigurður og nánasta fylgilið hans hefði því hafið umræðu um það meðal aðal- og varafulltrúa sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ólafsfjarðar, að þrengja bæri starfssvið bæjarstjórans, og vildi hann ekki una því, bæri að víkja honum úr starfi frá og með 1. júlí 1991.

Á 682. fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar miðvikudaginn 19. júní 1991 hafi verið borin upp tillaga Kristínar Trampe, Sigurðar Björnssonar og Þorsteins Ásgeirssonar um að segja stefnanda upp starfi bæjarstjóra í Ólafsfirði. Tillaga þessi hafi fallið, þar sem forseti bæjarstjórnar og oddviti sjálfstæðismanna, Óskar Þór Sigurbjörnsson, hefði ekki greitt henni atkvæði sitt. Hafi flutningsmenn hennar þá lagt til, að fundi bæjarstjórnar yrði frestað, þar til fengist raunhæfur meiri hluti í bæjarstjórn. Í framhaldi af þessu hafi orðið að samkomulagi meðal sjálfstæðismanna í Ólafsfirði, að flutningsmenn nefndrar tillögu tækju sér leyfi frá störfum í bæjarstjórn Ólafsfjarðar í sex mánuði, og yrði sá tími notaður til að ná samningum við stefnanda um starfslok hans. Hafi þetta verið talið nauðsynlegt, þar sem enginn ráðningarsamningur hafði verið gerður við stefnanda í kjölfar kosninganna 1990 og því ljóst, að honum yrði ekki sagt upp með einhverjum tilteknum uppsagnarfresti skv. ráðningarsamningi, er gerður hafði verið 1988. Stefnandi og forseti bæjarstjórnar hafi rætt starfslokamálin fram og aftur og ýmsar tillögur verið settar fram í því sambandi. Í hinni síðustu þeirra frá 16. október

1992 hafi m. a. verið gert ráð fyrir því, að stefnanda yrðu greidd óskert laun í tólf mánuði, einn mánuð í senn, til 1. mars 1993, eftir það átta mánuði í einu lagi, ef stefnandi óskaði þess. Stefnandi hafi í sjálfu sér getað fallist á þetta til málamiðlunar. Þegar á hafi reynt, hafi forseti bæjarstjórnar í Ólafsfirði hins vegar ekki haft fylgi samflokksmanna sinna um starfslokaskilmála stefnanda, því að á 699. fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar laugardaginn 7. nóvember 1992 hafi Þorsteinn Ásgeirsson lagt fram tillögu f. h. D-listans um, að stefnanda yrði sagt upp frá og með 7. nóvember. Í tillögunni hafi ekki verið vikið að lengd uppsagnarfrests, en þess á hinn bóginn getið, að stefnandi þyrfti ekki að vinna hann. Hafi nú brugðið svo við, að forseti bæjarstjórnar hafi greitt tillögu um brottvikningu bæjarstjóra atkvæði sitt, og hafi hún því verið samþykkt með fjórum atkvæðum sjálfstæðismanna, eftir að fulltrúar minni hlutans í bæjarstjórn höfðu gengið af fundi.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 1992, hafi forseti bæjarstjórnar svo til kynnt stefnanda, að ákveðið hefði verið að segja honum upp og ekki væri óskað eftir, að hann ynni í uppsagnarfresti, en að honum yrði greitt skv. gildandi starfskjarasamningi full laun í þrjá mánuði og þriggja mánaða biðlaun. Með bréfi, dags. 18. nóvember 1992, hafi stefnandi mótmælt því, að sér bæri aðeins greiðsla í sex mánuði, og krafist launa út kjörtímabil bæjarstjórnar, þ. e. til loka maí 1994. Hafi sú krafa verið margítrekuð bæði í bréfum og í viðræðum við lögmann stefnda. Fjárhæð kröfu stefnanda sé reist á því, að honum beri laun út yfirstandandi kjörtímabil, þ. e. til loka maí 1994, en þegar brottvikningin hafi verið ákveðin og krafa stefnanda um laun og biðlaun gjaldfallið, hafi verið ógreiddir átján mánuðir auk sex mánaða biðlauna eftir lok kjörtímabilsins. Samtals geri þetta 24 mánaða launa- og biðlaunakröfu. Fjárhæð kröfunnar sé miðuð við meðaltal launagreiðslna stefnda til stefnanda mánuðina janúar til og með nóvember 1992, sem hafi verið 329.952 kr. á mánuði. Sú fjárhæð margfölduð með 24 mánuðum geri 7.918.848 kr. Til viðbótar þeirri fjárhæð beri stefnda að greiða stefnanda 6% framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, sem reiknað af hreinum vinnu- og nefndalaunum sé 442.073 kr. Samanlagt geri framangreint (7.918.848 + 442.073) stefnufjárhæð máls þessa, 8.360.921 kr.

Stefnandi kveðst ekki sérstaklega þurfa að rökstyðja kröfu þessa eða einstaka liði hennar, þar sem hún sé að öllu leyti í samræmi við venju vinnuréttarins um, hvað teljist laun í tengslum við launa- og biðlaunauppgjör vegna ólögmatrar brottvikningar úr starfi.

Stefndi hafi greitt stefnanda upp í kröfuna 1.767.621 kr. með greiðslum, að fjárhæð 344.700 kr. 1. desember 1992, 290.801 kr. 5. janúar 1993, 292.501 kr. 1. febrúar 1993, 279.873 kr. 1. mars, 1. apríl og 5. maí 1993.

Stefnandi kveðst styðja málsókn sína þeim málsástæðum, að hann hafi verið kjörinn af meiri hluta bæjarstjórnar Ólafsfjarðar til að gegna starfi bæjarstjóra í Ólafsfirði frá 12. júní 1990 til loka kjörtímabilsins í lok maí 1994. Hann hafi gegnt starfi sínu af fullri trúmennsku og gætt hagsmuna bæjarins í hvívetna og aldrei sætt aðfinnslum um framkvæmd starfa sinna af hálfu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar. Uppsögn stefnanda af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar hafi því verið án sakar og ólögmæt og í andstöðu við vilja mikils hluta bæjarbúa. Í ljósi þessa alls og með hliðsjón af dómafordæmum Hæstaréttar í sambærilegu máli beri hinni stefndu bæjarstjórn því að greiða stefnanda full laun til loka yfirstandandi kjörtímabils auk biðlauna í sex mánuði að því loknu, eins og nú sé venja um ráðningarkjör bæjarstjóra hér á landi.

Eins og atvikum máls þessa sé háttað, telur stefnandi, að hann þurfi ekki að sæta neinni lækkun á kröfum sínum á hendur stefnda vegna tekna, sem hann hafi aflað sér hjá öðrum, frá því er sér hafi með ólögmætum hætti verið vikið úr starfi bæjarstjóra. Vísar stefnandi m. a. til þess, að hann hafi ekki átt þess nokkurn kost að fá sambærilegt starf á Ólafsfirði. Fyrir sér hafi því ekki legið neitt annað en ganga atvinnulaus um götur Ólafsfjarðar eða leita sér atvinnu á öðrum vettvangi, eins og hann hafi gert. Það hafi leitt til þess, að hann hafi um tíma orðið að halda tvö heimili, eitt fyrir sig í Reykjavík og annað fyrir fjölskyldu sína á Ólafsfirði. Slíkt hafi auðvitað ekki getað varað nema skamma hríð, og því hafi hann orðið að selja einbýlishús sitt á Ólafsfirði, sem hann hafi nýlega keypt og endurbætt, flytjast búferlum til Reykjavíkur og festa þar kaup í nýju húsi. Allt þetta hafi haft veruleg aukaútgjöld í för með sér, auk þess sem brottvikningin úr starfi hafi ein sér bæði komið illa við fjölskyldu sína og valdið sér ómældum óþægindum. Til þessara atriða, sem oft og tíðum sé ógerlegt að sanna með hreinum og klárum reikningi eða gögnum, verði dómstóllinn að taka fullt tillit og hafna því með öllu, að stefnandi þurfi að sæta frádrætti vegna vinnulauna, sem hann hafi aflað sér hjá öðrum.

Stefnandi telur það að minnsta kosti ljóst, að frá biðlaunum beri ekki að draga neinar launatekjur, sem aflað hafi verið hjá öðrum.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, einkum 70. gr., og Hæstaréttardóma 1962, bls. 900, um túlkun sambærilegra ákvæða í eldri lögum.

Stefndi gerir þá grein fyrir sýknukröfu sinni, að eins og fram komi í stefnu þessa máls, hafi stefnandi verið ráðinn bæjarstjóri í Ólafsfirði frá og með 1. júlí 1988. Gerður hafi verið starfssamningur við hann, þar sem m. a. hafi verið kveðið á um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarrétt.

Þar hafi jafnframt verið ákvæði um þriggja mánaða biðlaun. Samningur þessi hafi verið samþykktur í bæjarráði Ólafsfjarðar 27. apríl 1989.

Að loknum bæjarstjórnarkosningum 1990 hafi verið samþykkt á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990 að ráða stefnanda bæjarstjóra. Ekki hafi verið gerður nýr starfssamningur við stefnanda, heldur hafi verið gert ráð fyrir því, að fyrrgreindur samningur gildi áfram með smávægilegum breytingum, sem gerðar hafi verið á fyrra kjörtímabili og einkum hafi snert ákvæði um húsnæðismál. Eftir þessum samningi hafi verið unnið allt frá 12. júní 1990.

Það hafi svo verið á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðar 19. september 1991, að spurst hafi verið fyrir um starfssamning bæjarstjóra. Þá hafi bæjarstjóri kynnt drög að nýjum samningi, sem hann hafi verið að vinna að. Í þessum drögum, sem að mestu hafi verið samhljóða gildandi samningi hafi verið gert ráð fyrir þeirri breytingu, að uppsagnarfrestur yrði sex mánuðir og biðlaunatími sex mánuðir. Á þessi samningsdrög hafi aldrei verið fallist, og hafi það einkum verið vegna hinna nýju ákvæða um lengri uppsagnarfrest og lengri biðlaunatíma.

Á fundi bæjarstjórnar 7. nóvember 1992 hafi verið samþykkt tillaga um að segja stefnanda upp störfum. Þetta hafi stefnanda verið tilkynnt með bréfi, dagsettu 11. 11. 1992, og þar tekið fram, að uppsagnarfrestur væri þrír mánuðir og biðlaunatími þrír mánuðir. Eins og fyrr segi, hafi ekki verið gerður starfssamningur við stefnanda, þegar hann var ráðinn bæjarstjóri á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990, heldur verið litið svo á af báðum aðilum, að eldri samningur gildi. Rétt sé að geta þess, að stefnandi hafi verið framkvæmdastjóri sveitarfélags síns og þar með haft sérstaka skyldu við stjórn þess, þar með talda starfsmannastjórn, sbr. 4. mgr. 65. gr. samþykktar nr. 277/1988 um stjórn Ólafsfjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Ekki hafi verið óeðlilegt að gera þær kröfur til stefnanda, að hann gengi fram í því, að gerður yrði nýr samningur, ef hann hefði talið, að hinn skriflegi samningur hefði fallið úr gildi. Þetta hafi hann ekki gert. Engar athugasemdir hafi komið fram hjá stefnanda, þegar spurst hafi verið fyrir um ráðningarkjör bæjarstjóra í bæjarráði Ólafsfjarðar 19. september 1991 og að ekki væri í gildi neinn samningur, heldur einungis hugmyndir um breytingar á eldri samningi. Rétt sé að taka fram, að nokkru fyrir bæjarráðsfundinn 19. september 1991 hafi stefnandi fært í tal við fulltrúa meiri hlutans í bæjarstjórn að breyta nokkrum ákvæðum starfssamnings síns og þá einkum, að því er varðaði lengd uppsagnarfrests, en því verið hafnað af fulltrúum meiri hlutans. Eins og fyrr segi, hafi það verið álit stefnanda og stefnda, að starfssamningur sá, sem samþykktur hafi verið í bæjarráði 27. apríl 1989,

hafi gilt áfram, eftir að stefnandi var endurráðinn bæjarstjóri á Ólafsfirði á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990, enda hafi verið haldið áfram að vinna eftir honum. Í þeim samningi sé kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest og þriggja mánaða biðlaunatíma. Stefnandi hafi greitt í samræmi við ákvæði þessa samnings og eigi því engar kröfur á hendur stefnda vegna uppsagnar úr starfi bæjarstjóra. Fallist dómurinn ekki á þau rök, að í gildi hafi verið starfssamningur, eins og að framan sé rakið, hljóti að verða að taka tillit til þess, að á tímabilinu hafi stefnandi aflað sér tekna, og beri því að draga þær tekjur frá þeim launum, sem hann annars hefði haft sem bæjarstjóri, séu þær ekki hærri en laun bæjarstjóra. Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að stefnandi geti átt kröfu til launa út kjörtímabilið 1990-1994; enda þótt stefnandi hafi verið ráðinn bæjarstjóri í Ólafsfirði kjörtímabilið 1990-1994, þá hafi hann verið ráðinn með gagnkvæmum uppsagnarfresti, eins og fyrr sé tekið fram. Þó að ekki sé getið um uppsagnarfrest, þegar stefnandi var ráðinn bæjarstjóri, sé, eins og áður sé getið, ljóst, að í allri framkvæmd hafi verið farið eftir þeim samningi, sem gildi á fyrra kjörtímabili, og því litið svo á af hálfu beggja aðila, að ráðningarsamningurinn væri í fullu gildi. Rétt sé að taka fram, að viðræður stefnanda og þáverandi forseta bæjarstjórnar, Óskars Þórs Sigurbjörnssonar, um starfslokamál stefnanda séu á engan hátt bindandi fyrir stefnda, enda hafi þar einungis verið um að ræða tilraunir forseta bæjarstjórnar til að kanna, hvort samkomulagsgrundvöllur væri um starfslok bæjarstjóra. Þessar umræður hafi orðið, áður en til uppsagnar kom, og verið til þess eins að kanna, hvort stefnandi væri reiðubúinn til að segja starfi sínu lausu af sjálfsdáðum. Á það hafi stefnandi ekki fallist og því komið til uppsagnar á fundi bæjarstjórnar 7. nóvember 1992.

Stefnandi og Óskar Þór Sigurbjörnsson hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi.

Í ráðningarsamningi stefnanda, sem gerður var við upphaflega ráðningu hans, segir í 2. grein: „Ráðningartími er yfirstandandi kjörtímabil bæjarstjórnar. Starfssamningurinn er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Bæjarstjóri skal halda fullum launum skv. samningi þessum í þrjá mánuði, eftir að hann lætur af störfum, en skylt er honum að vinna þann tíma, ef þess er óskað af bæjarstjórn.“

Samkvæmt þessu var samningnum fyrir fram ákveðinn gildistími til loka kjörtímabilsins og féll þá skv. efni sínu niður, enda ráðningartími stefnanda þá útrunninn.

Eins og að framan er rakið, var stefnandi ráðinn að nýju eftir kosningar 1990, og skyldi ráðningartími hans vera út kjörtímabilið. Ekki var gerður

sérstakur starfssamningur við stefnanda, og gegn andmælum hans verður eigi á það fallist, að fyrri samningur hafi haldið áfram gildi sínu eða endurnýjast á einhvern hátt. Ráðningartími stefnanda var fyrir fram ákveðinn út kjörtímabilið. Ágreiningslaust er, að uppsögn stefnanda hafi verið án saka af hans hálfu, enda ekki á nokkurn hátt rökstudd með broti í starfi eða á annan hátt, er leitt gæti til þess, að stefndi öðlaðist einhliða rétt til uppsagnarinnar. Verður því á það fallist með stefnanda, að honum beri laun þau til loka kjörtímabilsins, sem hann krefst.

Eins og að framan greinir, var enginn starfssamningur í gildi, er stefnanda var sagt upp störfum. Krafa um greiðslu biðlauna verður því eigi reist á samningi, og eigi verður krafa þessi byggð á lögum. Þá hefur stefnandi ekki gegn andmælum stefnda sýnt fram á, að um önnur atvik, svo sem venju eða hefð, sé að ræða, er hann geti reist þessa kröfu á. Verður því ekki fallist á, að stefnandi eigi rétt til biðlauna, svo sem hann krefst.

Ekki verður fallist á þá kröfu stefnanda, að tekjur þær, er hann hefur aflað, komi ekki til frádráttar.

Í málinu liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um tekjur stefnanda fram til loka kjörtímabilsins. En stefnandi hefur hér fyrir dóminum skýrt svo frá, að hann hafi hafið störf 1. janúar 1993, og séu laun sín í því starfi 70.000 krónum lægri á mánuði en laun þau, er hann hefði haft sem bæjarstjóri. Þessu hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnda, og þykir því mega við það miða við mat á tjóni stefnanda.

Stefndi hefur greitt stefnanda samtals 1.767.621 kr., eftir að hann hætti störfum, þar af 1.422.921 kr. eftir 1. janúar 1993.

Stefnandi miðar kröfu sína við, að meðalmánaðarlaun sín hafi verið 329.952 kr. Því til viðbótar hafi stefnda borið að greiða stefnanda framlag vinnuveitanda, 6%, til lífeyrissjóðs.

Fyrir desember 1992 nemur tjón stefnanda 349.749 kr. Frá 1. janúar 1993 til 1. júní 1994 nemur tjón stefnanda 70.000 kr. á mánuði, sem að viðbættum framangreindum 6% nemur í heild 1.261.400 kr. Tjón stefnanda nemur því samtals 1.611.149 kr. lægri fjárhæð en stefndu hafa þegar greitt honum. Stefnandi hefur ekki stutt staðhæfingu sína um annað tjón vegna tvöfalds heimilishalds og flutninga o. s. frv. neinum gögnum.

Er niðurstaða dómsins þá sú með vísan til framangreinds, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafsfjarðarbær, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Grímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
